

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 13. janúar 2021
UST202012-239/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 vegna breytingar á landnotkun í landi 1 Götu í Selvogi og á Stóra-Saurbæjarsvæðinu.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 vegna breytingar á landnotkun í landi 1 Götu í Selvogi og á Stóra-Saurbæjarsvæðinu.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina íbúðarsvæði, svæði Í15, á Stóra-Saurbæjarsvæðinu þar sem verður heimilt að byggja allt að 15 íbúðarhús á um 15 ha. svæði. Auk þess gengur breytingin út á að breyta landnotkun á 400 fermetra reit í landi Götu land 1 úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarasvæði eða svæði fyrir veitur. Breytingin er vegna fjarskiptamasturs og tækjahúss sem áform eru um að reisa á svæðinu.

Íbúðarbyggð utan þéttbýlis

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að á báðum þessum svæðum er hraun sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um


náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur